BESTU LJÓSMYNDARAR ÍSLANDSSÖGUNNAR

Ljósmyndarinn Einar Falur Ingólfsson hefur tekist á hendur það erfiða, og væntanlega umdeilda, verkefni að velja bestu ljósmyndara Íslandssögunnar og verk eftir þá. Afraksturinn verður gefinn út í veglegri bók og mikil sýning sett upp á Akureyri þar sem þessar myndir verða sýndar.

EINAR FALUR MEÐ GERSEMINA „FRÁ REYKJAVÍKURHÖFN“ FRÁ UM 1875 EFTIR SIGFÚS EYMUNDSSON Einar vonar að sýningin verði umdeild enda væri eitthvað að ef allir væru sammála um það sem byggir á smekk eins sýningarstjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég hef valið þrettán ljósmyndara, sem að mínu mati eru þeir bestu þeirra sem fæddir eru fyrir 1960 og hafa starfað í að minnsta kosti aldarfjórðung við fagið,“ segir Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari og blaðamaður.

Einar Falur hefur tekist á hendur það vandasama verk að velja bestu ljósmyndara Íslandssögunnar og verk eftir þá – innan þeirra marka sem hann nefnir hér að ofan. Níu þessara ljósmyndara eru látnir en fjórir eru á lífi. Afraksturinn munu menn svo fá að sjá á sýningunni Úrval sem opnar á Akureyrardaginn, 29. ágúst, á Listasafni á Akureyri. Einar Falur er sýningarstjóri. Að auki mun forlagið Sögur gefa út veglega ljósmyndabók. Þeir þar á bæ líta svo á að bók sem þessi eigi fullt erindi bæði við landsmenn sem og á erlendan vettvang. Einar Falur segir valið bæði hafa verið erfitt og ekki. „Ég þekki býsna vel til. Þorri verkanna kemur úr Ljósmyndasafni Íslands, sem er innan Þjóðminjasafns og svo frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.“ Einar Falur vonar að valið verði umdeilt. „Sumt er algerlega augljóst en annað verður umdeilt. Þannig á það að vera þegar sýningarstjóri setur saman sýningu sem byggist á hans smekk. Það væri eitthvað að ef allir væru sammála.“

Einar Falur segir einn stærsta vandann hafa verið þann hversu fáar konur koma til greina. „Þegar lagst er í rannsóknir á íslenskri ljósmyndasögu má sjá að fram komu margar efnilegar og góðar konur. En þær hættu nánast undantekningalaust þegar þær stofnuðu fjölskyldu. Tvær undantekningar eru þó og þær konur eru báðar með verk á sýningunni,“ segir Einar og nefnir til sögunnar Sigríði Zoëga og Nicoline Weywadt. Konur sem höfðu úthaldið sem þurfti til að ná inn fyrir þær takmarkanir sem Einar setur. Elsti ljósmyndarinn á sýningunni er Sigfús Eymundsson, ljósmyndari og bóksali, sem að margra mati sem til þekkja er mögulega sá besti sem hér hefur starfað. Pétur Brynjólfsson og feðgarnir Magnús Ólafsson og Ólafur Magnússon voru mikilvægir póstar íslenskrar ljósmyndasögu sem og þeir Vigfús Sigurgeirsson, Jón Kaldal og Ólafur K. Magnússon. Ljósmyndararnir sem eru á lífi og eiga verk á sýningunni eru Guðmundur Ingólfsson, Sigurgeir Sig-

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000			HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
BALLS OUT	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	12	B13 - ULTIMATUM	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
THE HURT LOCKER	kl. 8 - 10.45	16	MY SISTERS KEEPER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
ICE AGE 3 3D ENSKT TAL ÁN TEXTA	kl. 8 - 10.10 D	L	ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 5.50 - 8	L
ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL	kl. 3.30 - 5.45 D	L	YEAR ONE	kl. 10.10	7
ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA	kl. 3.30 - 5.45	L	GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 5.45 - 8	7
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3.30 - 5.45	L	ANGELS & DEMONS	kl. 10.15	14
TRANSFORMERS 2	kl. 8 - 11	10			
TRANSFORMERS 2 LÚXUS	kl. 5 - 8 - 11	10			

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 6	L
ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA	kl. 6 - 8	L
MY SISTERS KEEPER	kl. 8 - 10	12
TYSON	kl. 10	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

BALLS OUT	kl. 5.50 - 8 - 10.10	12
THE HURT LOCKER	kl. 8 - 10.35	16
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 5.30	L
ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 8 - 10.15	7
YEAR ONE	kl. 5.45	7